



BRUNAVARNIR:
Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnarlýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr.21-267) í mars 2021 fyrir Búðahellu 4 (mhl.02), Hafnarfirði. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum gr.9.2.2 liður b. Ekki er um að ræða frekari brunavarnarskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar - notkunarskilmálar:
Byggingin verður í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð en um er að ræða geymslur í notkunarflokki 1 sem eru ekki með fasta viðveru (10 bil). Bilin eru ekki með salernisaðstöðu en gert er ráð fyrir því sem valkosti. Hámarksbrunaálag er hverju bili er 400 MJ/m². Ef brunaálag er meira þarf að brunahanna það sérstaklega. Endabil (4 bil) verða með léttum iðnaði/geymslur og þar er því gert ráð fyrir fastri viðveru með salernisaðstöðu.

Brunahólfun:
Húsið er eitt meginbrunahólf, 762 m² en skiptist í 14 brunahólf, sem eru um 54 m² hvert.
Brunahólfandi veggir "QuadCore" frá Kingspan eru með sérstökum brunatæknilegum frágangi í samskeytum skv. sérteikningum frá Kingspan svo þeir uppfylli a.m.k. EI60 skv. prófun. Þakeiningar uppfylla a.m.k. EI30.

Burðarvirki:
Brunamótstaða aðalburðarvirki er a.m.k. R60 (Límtré). Brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. R30 (Límtré).

Klæðningar:
Allar klæðningar uppfylla flokk B,s1-d0 skv. ÍST EN 1350-1.
Útveggja- og þakeiningar auk milliveggjaeininga eru af gerðinni "QuadCore" frá Kingspan.
Allar einingar uppfylla LPS 1181 "Room corner" prófun og eru með NFPA 285 "Loga út um glugga" prófun. Einingarnar uppfylla einnig t.d. "FMRC 4482 Class 1" fyrir rými sem eru viðkvæm fyrir reyk. Gólfefni eru í flokki Cfi-s1.

Flóttaleiðir:
Ein flóttaleið er frá hverju bili, beint út.
Rökstuðningu: um er að ræða geymsluhúsnæði sem verður ekki með fasta viðveru. Bilin teljast uppfylla skilyrði greinar 9.5.4 í byggingarreglugerð og leiðbeiningu MVS nr. 9.5.4, útg.1. Frá iðnaðarrými í endabilum er önnur flóttaleið um BO.

Reykskynjarar:
Í hverju bili skal vera a.m.k. einn reykskynjari.

Reyklusun:
Reykræsing er almennt um vöruhurð, gönguhurð og glugga.

Slökkvitæki:
Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu staðsett við útihurðir, td. 6L léttvatn og 5kg kolsýra í inntaksrými.
Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing:
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með 0,5 lux í hverju bili og tæknirými og a.m.k. sjálflysandi útskilti við útihurðir skv. ISO 16069.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn:
Aðkoma er góð kringum húsið. Reiknuð slökkvivatnsþörf er um 1.600 L/min skv. leiðbeiningum MVS.

Loftræsing skv. gr. 10.2.5. í byggingarreglugerð.
Almenn loftræsing verður um opnanleg fög í gluggum.

m: Hljóðvistarkröfur:
Húsið heyrir undir og uppfyllir hljóðvistarkröfuflokk C skv. ÍST 45: 2016.

o: Tæknibúnaður:
Gert skal ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við hverja starfseiningu.

p: Aðgengi og algild hönnun:
Notkun hússins er skilgreind sem geymsluhús sem er ekki hannað á forsendum algildrar hönnunar.

q: Frágangur lóðar:
Lóð verður malbikuð með vatnshalla að niðurföllum og bilastæðamerkt.

r: Meðhöndlun sorps og meðferð hættulegra efna:
Sorphirðu er háttáð samkvæmt reglum sveitarfélagsins hverju sinni.
Sameiginlegt sorpgerði er inn á lóð með skerminu umkringis sem uppfyllir EI60, sjá afstöðumynd. Hafa skal sorpgerði í hæfilegri fjarlægð frá húsi vegna brunahættu. Gert verður ráð fyrir oliuskyllu fyrir viðeigandi notkunaraðli.

s: Aðrar sértækar aðgerðir:
Leiðbeining frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar:

"Húsnæðið er skilgreint sem vörugeymslur og/eða léttur iðnaður.
Verði starfsleyfisálag starfsemi samkvæmt lögum um matvæli nr.93/1995 m.s.b. og/eða lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b. í húsnæðinu ber rekstraraðila að afla starfsleyfis heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Nefndin getur óskað eftir sérteikningu af viðkomandi rými. Mengunarvarnarbúnaði á fráveitu verður komið fyrir í samræmi við ákvörðun heilbrigðisnefndar.

AFSTÖÐUMYND Mkv.1:500

BYGGINGARLÝSING/GREINAGERÐ skv. gr. 4.3.9 í byggingarreglulærd:

- a: Almenn atriði:**
Búðahella 4 - 221 Hafnarfirði.
Matshluti 02, Landeignanúmer: 213109, Staðgreinir: 1400-1-16450040
- b: Notkun eða starfsemi, fjöldi starfsmanna (ef við á):**
Hús sem verður notað sem geymsla og fyrir léttan iðnað.
- c: Fjöldi hæða, heildarstærð hverrar hæðar (m² og m³) og byggingar í heild:**
Húsið er á einni hæð, og er 762,4m² og 4.112,6m³ skv. skráningartöflu.
- d: Stærð lóðar, nýtingarhlutfall, bilastæði og bilastæði hreyfihamlaðra (ef við á):**
Sjá töflu til hægri: "helstu stærðir". Gert er ráð fyrir einu bilastæði fyrir framan hverja starfseiningu, samtals 14 bilastæðum, sjá afstöðumynd. Bilastæðin eru 2,5m breið og uppfylla kröfur fyrir bilastæði hreyfihamlaðra. Skv. skilmálum deiliskipulags er krafa um 10-11 bilastæði og því þeirri kröfu fullnægt.
- e: Almenn lýsing á burðarkerfi:**
Undirstöður og botnplata verða úr járnbennti steinsteypu.
Meginburðargrind hússins (rammar) verður úr límtré með innsteyptum festingum.
Allar stálfestingar eru heitgalvaniseraðar. Allt milliburðarvirki, þakásar og annað er einnig úr límtré.
- f: Gerð og frágangur þaks og útveggja ásamt litavali:**
Þak: Ofan á límtrés-ása í þaki koma 100mm þykkar "Quad Core" samlokueiningar með PIR einangrunarkjarna og trapisulaga form að ofanverðu.
Litur ystu þakklæðningar sé dökkgrár.

Útveggir: 80mm þykkar "Quad Core" samlokueiningar með PIR einangrunarkjarna frá Kingspan í Englandi.
Vegg-, þakklæðningar og flasnir festist með sjálfborandi stálskrúfum.
Litur dökkgrár.
Gluggar og gönguhurðir úr PVC. Í öllum gluggum verði tvöfalt k-gler (einangrunargler).

h: Einangrun og U-gildi:
Sökkulveggir: 75mm plast-einangrun, botnplata er óeinangruð.
Þak: 100mm PIR samlokueiningar. Veggir: 80mm PIR samlokueiningar.
Í öllum gluggum er amk. tvöfalt k-gler.
U-gildi > sjá töflu: U-gildi fyrir byggingarhluta.

i: Gerð innveggja og innihurða, hljóðeinangrun og brunavörn:
Skilveggir verða úr 175mm þykkum "Quad Core" samlokueiningum með PIR einangrunarkjarna. Brunamótstaða: EI60.

k: Lagnaleiðir, upphitun og loftræsing:
Frárennslí frá húsi tengist við fráveitukerfi sveitarfélagsins.
Upphitun verður með gólfhitakerfi, innsteypt í gólfplötu, sem fæðist með heitu vatni frá fjarveitu sveitarfélagsins.
Neysluvatnslagnir eru innsteyptar í gólfplötu og einnig í veggjum.
Kalt vatn skal lagt undir botneinangrun.
Viðeigandi búnaður skal settur upp við inntök til að koma í veg fyrir að hiti neysluvatns fari yfir 60°C á töppunarstað sé hitastig vatns við inntak hærra.
Raflagnir eru ýmist innsteyptar í gólf og/eða utanáleggjandi á veggjum/lofti.
Fram kemur á tekningum hvar niðurföll eru staðsett.
Lagnaefni skal allt vera vottað af viðeigandi aðilum.

Samþykkt þann
09. JÚNÍ 2021
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Helmi Þorvaldur

HELSTU STÆRÐIR SKV SKRÁNINGARTÖFLU (brúttó):

| | | |
|-------------------------|------------------------|------------------------|
| Samtals | 762,4 m ² | 4.112,6 m ³ |
| Heildarstærð lóðar..... | 6.593,0 m ² | |
| Matshluti 01 | 731,0 m ² | |
| Nýtingarhlutfall..... | 0,23 | |

SHS
8.06.2021

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Gjafatorgi 5, 210, Garðaby
16.06.2021

Digitally signed by
Guðnar H. Kristjánsson
DN: cn=Guðnar H.
Kristjánsson, gr=Guðnar
H. Kristjánsson, o=IS
Iceland, ou=Kokland
of Brunahönnun slf,
email=brunahonun@brunah
onun.com
Reason: I am the author
of this document
Location:
Date: 2021-06-04 17:01:2

| Dags | Breytingar | Nafn |
|--------|---|------|
| 1.6.21 | Uppfært skv. athugasemdum bygg.fulltrúa | AI |

Búðahella 4 - Atvinnuhúsnæði
221 Hafnarfirði - Mhl.02
Teikn nr: 100

Aðalteikningar
Afstöðumynd og byggingarlýsing
Frumstærð: A2

Dags: 13.5.2021 Mkv: 1:500 Hann: AI
Samþ: *Arn-Verk ehf.* KT:140181-4639 Teikn: AI

Hönnunarstjóri: Arnar Ingi Ingólfsson V.nr: 21 008

Arn-Verk ehf.
Hönnun og teikning
Austurmörk 19, 810 Hveragerði
S: 6634619/4611108
arnaring@gmail.com